

397. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 8. janúar 2025 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mætt:

Auður Kjartansdóttir
Björn H Hilmarsson
Júníana Björg Óttarsdóttir
Jón Bjarki Jónatansson
Margrét Sif Sævarsdóttir
Friða Sveinsdóttir
Tinna Ýr Gunnarsdóttir í fjarveru PZ
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Óskaði hún eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 15. lið, bréf frá Samkeppnisstofnun, dags. 17. desember 2026. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) **Reglur og umgengnisreglur í íþróttamannvirkjum Snæfellsbæjar. Áður tekið fyrir á fundi bæjarstjórnar í desember.**
Kristfríður, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi, mætti á fundinn og fór yfir rökstuðning fyrir framlögðum reglum. Nokkur umræða skapaðist um reglurnar og tilgang þeirra.
Bæjarstjórn samþykkti framlagðar reglur samhljóða.
- 2) **Fundargerð 151. fundar hafnarstjórnar, dags. 30. desember 2025.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 3) **Fundargerð 197. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 17. desember 2025.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4) **Fundargerð 238. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 20. nóvember 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Fundargerð 990. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. desember 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Fundargerð 991. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. desember 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 7) **Fundargerð 93. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 10. desember 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 8) **Fundargerð 87. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 8. desember 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 9) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 18. desember 2025, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Birtu Ljósmynda ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, að Vatnsholti í Staðarsveit, Snæfellsbæ.**
Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Birtu Ljósmynda ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, að Vatnsholti í Staðarsveit, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.


- 10) **Bréf frá Innviðaráðuneytinu, dags. 18. desember 2025, varðandi úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2025/2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 11) **Bréf frá Margréti Elfu Ólafsdóttur, dags. 6. janúar 2026, varðandi leikskólaselið við Lýsuhólsskóla.**
Bæjarstjórn hefur skilning á breyttum aðstæðum foreldra, en telur erfitt að starfrækja leikskólaselið utan skólatíma Lýsuhólsskóla þar sem enginn starfsmaður yrði til að sjá börnum fyrir fæði eða til að þrifa aðstöðuna. Bæjarstjórn vill hins vegar benda á að það sé möguleiki fyrir foreldra sunnan heiðar að sækja um tímabundið leikskólaláss í leikskólanum norðan heiðar yfir sumartímann.
- 12) **Minnisblað bæjarstjóra, dags. 5. janúar 2026, varðandi tilnefningu í starfshóp til að meta þörf á nýrri slökkvibífreid.**
Tillaga kom um það að í starfshópi væri forseti bæjarstjórnar, bæjarstjóri, slökkviliðsstjóri og einn frá minnihluta. Patryk Zolobow verður fulltrúi minnihlutans. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn verði búinn að skila af sér tillögum fyrir 1. apríl 2026.
- 13) **Bréf frá SSV, dags. 23. desember 2025, varðandi tilnefningu fulltrúa í Farsældarráð Vesturlands.**
Tillaga kom um Júníönu Björgu Óttarsdóttur um aðalmann og Jón Bjarka Jónatansson sem varamann. Tillagan samþykkt samhljóða.
- 14) **Bréf frá Skólahreysti, dags. 1. desember 2025, varðandi styrk á árinu 2026.**
Bæjarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu að svo stöddu.
- 15) **Bréf frá Samkeppniseftirlitinu, dags. 17. desember 2025, varðandi beiðni um upplýsingar og gögn um sorpsamninga.**
Bæjarstjóri fór yfir málið og sagði frá því að búið er að svara þeim að hluta. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra og bæjarritara að vera áfram í samskiptum við Samkeppniseftirlitið vegna þessa.
- 16) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslufirlit ársins 2025.
 - Í ljósi umræðunnar í samfélaginu fór bæjarstjórn yfir hlutfall veikinda starfsmanna Snæfellsbæjar á árinu 2025, en þau jafngilda um 7,2 stöðugildi fyrir árið 2025.
 - Bæjarstjóri fór yfir fjárhagsstöðu Snæfellsbæjar um áramótin 2025/2026.
 - Bæjarstjóri fór yfir fyrirkomulag framkvæmda ársins 2026.
 - Bæjarstjóri sagði frá því að Kári Viðarsson býður til fundar í Frystuklefanum vegna Krossavíkurbáðanna þann 15. janúar n.k. kl. 17:30.
 - Bæjarstjóri sagði frá því að búið er að ganga frá kaupum á 2 parhúsum við Helluhól á Hellissandi. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra og bæjarritara að auglýsa þessi hús laus til umsóknar fyrir 60+.
 - Bæjarstjóri sagði frá stöðunni varðandi sölu eignarhluta Snæfellsbæjar í fasteignum hjúkrunarheimilisins Jaðars.
 - Bæjarstjóri sagði frá fyrirspurn sem barst sveitarfélaginu.
 - Forseti bæjarstjórnar ræddi hlutverk velferðarnefndar og lagði til að forstöðumaður Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga yrði fengin inn á næsta fund bæjarstjórnar til að ræða hvort ekki væri skynsamlegt að hafa sameiginlega velferðarnefnd fyrir Snæfellsnes undir stjórn FSS. Tillagan samþykkt samhljóða.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:45



Auður Kjartansdóttir





Björn H Hilmarsson



Margrét Sif Sævarsdóttir



Jáníana Björg Óttarsdóttir


Fríða Sveinsdóttir


Jón Bjarki Jónatansson


Tinna Ýr Gunnarsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari